

## LÖG

### um breytingu á lögum um Samgöngustofu, stjórnslustofnun samgöngumála, og lögum um loftferðir, með síðari breytingum (gjaldskrárheimildir, lagastoð fyrir EES-innleiðingu).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

##### **Breyting á lögum um Samgöngustofu, stjórnslustofnun samgöngumála, nr. 119/2012, með síðari breytingum.**

###### 1. gr.

Við 10. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um innleiðingu EES-gerða sem varða stofnun og störf Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (EMSA).

Ráðherra er einnig heimilt að setja reglugerð um innleiðingu EES-gerða sem varða verkefni á sviði Siglingaöryggisstofnunar Evrópu og stofnuninni hafa verið falin á grundvelli stofngerða hennar, sbr. 2. mgr.

###### 2. gr.

Við 12. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Gjald fyrir útgáfu lofthæfisskírteinis til útflutnings er helmingur gjalds fyrir fyrstu útgáfu.

Gjald fyrir fyrstu útgáfu lofthæfisskírteinis loftfars sem ekki er vélknúid er 25% af gjaldi fyrir vélknúin loftför.

#### II. KAFLI

##### **Breyting á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.**

###### 3. gr.

Við 3. mgr. 57. gr. c laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: greiðslu kostnaðar vegna starfa samræmingarstjóra. Jafnframt færist orðið „og“ í lok g-liðar aftast í h-lið.

###### 4. gr.

Við 146. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð sem felur í sér innleiðingu EES-gerða sem varða verkefni á sviði Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA) og stofnuninni hafa verið falin á grundvelli stofngerða hennar, sbr. 2. mgr.

Nr. 76

2

9. júlí 2015

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 9. júlí 2015.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Bjarni Benediktsson.*

\_\_\_\_\_  
A-deild – Útgáfud.: 21. júlí 2015